

MINNISBLAÐ

SKJALALYKILL

2509-569-71-MIN-002-V01

DAGS.

09.01.2023

SENDANDI

Einar Sindri Ólafsson
Jón Haukur Steingrímsson

VERKHEITI

Holtavörðuheildarlína 1 - verkhönnun

VERKKAUPI

Landsnet

DREIFING

Bryndís Skúladóttir (Landsnet)

MÁLEFNI


Holtavörðuheildarlína 1 - efnistökusvæði

Inngangur

Landsnet fyrirhugar að reisa nýja 220 kV háspennulínu, Holtavörðuheildarlínu 1 (HH1), á milli Klafastaða í Hvalfirði og fyrirhugaðs tengivirkis á Holtavörðuheidi (mynd 1). Háspennulínan verður um 90 km löng og mun í meginatriðum liggja samsíða núverandi byggðalínu. Níu staðbundnir valkostir eru til skoðunar á línuleiðinni, en munur á leiðarvali er ekki mjög mikill. EFLA vinnur að verkhönnun Holtavörðuheildarlínu og er hluti verkhönnunar að finna efnistökusvæði sem henta vel m.t.t. efnisgæða og fjarlægð frá línuleið. Efnispörf á fyllingarefni vegna vegslóða, vinnuplana og grundunar mastra er töluverð vegna framkvæmdarinnar.

EFLA skoðaði lauslega mögulega efnistökekostir á línuleiðinni sumarið 2021 og má niðurstöður þeirrar könnunar sjá í minnisblaði EFLU frá 7. júlí 2021: *2509-542-71-MIN-001-V01-Jarðkönnun á efnistökusvæðum vegna Holtavörðuheildarlínu 1* [1]. Alls voru listuð 51 efnistökusvæði, þar af 48 sem eru á námskrá Vegagerðarinnar og þrjú ný efnistökusvæði. Fjöldi efnistökusvæða er að finna í norðanverðum Hvalfirði, Borgarfirði og sunnanverðum Norðurárdal. Færri efnistökusvæði er að finna á Skarðsheiði, Grjóthálsi og á Holtavörðuheidi og óvissa er með efnisgæði í Norðurárdal og Holtavörðuheidi. Einnig eru þar margar náttúrulegar og manngerðar hindranir s.s. ár og vegir. Ákveðið var að skoða betur efnistökmál á Skarðsheiði, Holtavörðuheidi og í ofanverðum Norðurárdal þar sem má segja að þörfin sé hvað mest. Vettvangskönnun fór fram sumarið og haustið 2022 og má sjá niðurstöður þeirrar könnunar í minnisblaði EFLU frá 22. nóvember 2022: *2509-569-71-MIN-001-V02-HH1-Ný efnistökusvæði* [2].

Þetta minnisblað er samantekt úr ofangreindum minnisblöðum þar sem þeim efnistökusvæðum sem þykja koma til greina eru gerð skil.



MYND 1 Aðalvalkostur Holtavörðuheidiarlinu 1, frá Klafastaðum og upp á Holtavörðuheidi (blá lína) ásamt núverandi loftlínum (rauðar línur).

Áætluð efnispörf

Áætlun um efnispörf á fyllingarefni vegna vegslóða, vinnuplana og grundunar mastra var gerð af EFLU. Niðurstöðurnar voru gefnar út í minnisblaði EFLU frá 2. júlí 2021: 2509-542-03-MIN-001-V01 Efnistökuáætlun vegna vegaslóða, vinnuplana og grundunar mastra [3]. Nokkrir þættir hafa áhrif á endanlegt efnismagn og er hægt að hafa áhrif á nokkra þeirra en aðrir stýrast af illviðráðanlegum ytri þáttum. Eðli málsins samkvæmt hefur staðsetning efnistökusvæða og þá landslagsgerð mikil áhrif. Efnistökusvæði mega ekki vera of langt frá framkvæmdasvæðinu þar sem það myndi hleypa kostnaði verulega upp. Oft er miðað við að ekki þurfi að keyra efni meira en 10-15 km frá efnistökuastað að verkstað. Raki og fínefnainnihald í fyllingarefni skiptir einnig máli og því getur fyllingarefni frá sumum efnistökusvæðum hentað illa ef vætutíð er mikil á framkvæmdatímanum. Sama fyllingarefni getur gengið ágætlega í þurrviðratíð. Þetta á sérstaklega við um jökulruðning.

Gert er ráð fyrir að efnisþörf sé samtals um 613 þúsund m³, um 30 þúsund m³ vegna grundunar og um 583 þúsund m³ vegna vegslóða og vinnuplana. Efnisþörf á línuleiðinni má sjá í töflu 1. Gert er ráð fyrir því að efnisþörf og efnistökuáætlun verði í meginatriðum eins fyrir alla níu valkosti línuleiðarinnar, enda lítill munur á valkostum.

TAFLA 1 Áætlun efnisþörf vegna Holtavörðuheidiarlínu 1 (frá minnisblaði EFLU frá 2. júlí 2021: 2509-542-03-MIN-001-V01 Efnistökuáætlun vegna vegaslóða, vinnuplana og grundunar mastra).

Línukafli		Lýsing	Lengd kafla km	Umfang slóðagerðar	Fjöldi mastra stk	Efnisþörf m ³
Frá	Til					
1	24	Samsíða eldri línunum og landbúnaðarland fremur blautt	7,7	Mikið	24	54.000
25	65	Skarðsheiði. Styrkingar og hliðarslóðir	12,9	Meðal	41	88.000
66	134	Ræktað land og votlendi	24,1	Mikið	69	174.000
135	140	Hálsar	2,0	Meðal	6	11.000
141	153	Nytjaland, skógrækt og tún	4,5	Meðal	13	13.000
154	171	Grjótháls. Styrkingar og hliðarslóðir	6,0	Meðal	18	29.000
172	197	Hliðarhalli erfið slóð – fremur blautt land	8,9	Mikið/meðal	26	62.000
198	206	Minni hliðarhalli og betra land	3,1	Meðal	9	12.000
207	228	Þurrara en landhalli á köflum, rúmlega meðal slóðagerð	7,5	Meðal	22	55.000
229	262	Þokkalegar aðstæður – umfang yfir meðallagi	11,4	Mikið/meðal	34	95.000
263	269	Blautara en kafli á undan – heldur meira fyllingarefni	2,2	Mikið	7	20.000
			90,1		269	613.000

Jarðfræði svæðisins

Holtavörðuheidiarlína 1 liggur að öllum hluta í gegnum svokallaðan tertíerstafla Íslands (mynd 2). Tertíer er jarðsögulegt tímabil sem nær frá 65 milljónum ára - 2,6 milljónum ára. Eldvirkni á tertíer hefur líklega verið tengd gosbeltum eins og finna má á Íslandi í dag. Af hraunlögnum sést að þau runnu ýmist frá gossprungum, dyngjum eða eldkeilum. Mestur hluti hraunlagastafans er þó gerður úr hraunum sem urðu til í sprungugosum. Berggrunnurinn hefur síðan verið mótaður og skorinn af jöklum og eru jökulsorfnir dalir einkennandi fyrir tertíerstaflann [4][5][6].

Á milli hraunlaganna eru víða þunn rauðleit setlög sem kallast oft *rauð millilög*. Þessi setlög eru leifar jarðvegs og benda til þess að langur tími hafi liðið milli gosa. Sums staðar má sjá tiltölulega þunn hraunlög sem runnið hafa frá nálægum dyngjum. Engin millilög er að finna milli dyngjuhraunlaganna.


Jarðlagahalli er greinilegur á svæðinu, sérstaklega í innanverðum Borgarfirði. Þar hallar hraunlögum til suðausturs, að gosbeltinu. Nokkrar útkulnaðar megineldstöðvar eru að finna á línuleiðinni s.s. í Hafnarfjalli og Hallarmúla [5].

Ofan á berggrunninn hafa víða hvar hlaðist upp setlög, fyrir tilstilli jökla og vatns. Í Melasveit og sunnanverðum Borgarfirði má sjá allmikla malarhjalla sem hafa orðið til við hærri sjávarstöðu. Þetta eru í raun fornar strandlínur og óseyrar. Einnig má finna þykk fínefnarík setlög sem hafa myndast á botni stöðuvatna og sjávarlóna [6].

Framburður áa hleður upp setlögum í botni dala líkt og í Norðurárdal og víða annarsstaðar í Borgarfirði. Jökulruðningurinn má síðan finna víða í dölum og uppi á heiðum, en efnið er yfirleitt mjög fínefnaríkt. Í sumum tilfellum hefur jökulruðningurinn verið tilfluttur með vatni og þar hefur fínasta efninu verið skolað burtu.

Jarðvegsaðstæður á línuleiðinni eru mismunandi og er hægt að skipta línuleiðinni upp í fimm svæði þar sem jarðvegsaðstæður eru nokkuð svipaðar:

- **Klafastaðir – Skarðsheiði:** Frá Klafastöðum að Skarðsheiði skiptast á klapparholt og þykkar setmyndanir. Mýrarjarðvegur er ríkjandi en víða eru tún framræst.
- **Skarðsheiði:** Línuleiðin liggur um mela, grjóturð og klapparkolla. Lítið er um jarðveg og setmyndanir uppi á heiðinni.
- **Borgarfjörður:** Frá Skarðsheiði að Grjóthálsi skiptast á klapparholt, ásar og þykkar setmyndanir. Mýrarjarðvegur er ríkjandi en víða hafa mýrarnar verið framræstar.
- **Grjótháls:** Klapparásar og jökulruðningsmelar með NA-SV stefnu. Lítil vötn eru að finna inn á milli en jarðvegshula er þunn.
- **Norðurárdalur og Holtavörðuheiði:** Frá Grjóthálsi og upp á Holtavörðuheiði liggur línuleiðin utan í malarhjöllum, jökulruðningshólum og á klapparkollum. Lítið er um jarðveg og set fyrir utan botn Norðurárdals.



MYND 2 Jarðfræðikort af svæðinu. Tertiær-stafllinn er sýndur með bláum litum. Gulu litirnir sýna súrt gos- og innskotaberg. Grænt táknar gosberg frá fyrri hluta Ísaldar [7].

Efnistökusvæði

Alls eru 43 efnistökusvæði sem koma til greina vegna framkvæmdar á Holtavörðuheiðarlínu 1. Langflest efnistökusvæðin eru setnámur en fimm klapparnámur koma einnig til greina. Af því 51 efnistökusvæði sem skoðuð voru sumarið 2021 voru 33 efnistökusvæði talin henta vel fyrir framkvæmdina. Í ljós kom að mikil þörf var á efnistökusvæðum á Skarðsheiði og frá Grjóthálsi upp á Holtavörðuheiði. Í viðbótarkönnun sumarið og haustið 2022 var ákveðið að bæta 10 nýjum efnistökusvæðum við þau efnistökusvæði sem fyrir voru. Lista yfir öll efnistökusvæði má sjá í töflu 2 og ítarlega umfjöllun og lýsingu á hverju efnistökusvæði fyrir sig má sjá í viðauka B. Yfirlitsteikningar af efnistökusvæðum má sjá í viðauka A.

Af þessum 43 efnistökusvæðum eru 32 á námuskra Vegagerðarinnar og þar af eru 20 á aðalskipulagi. Auk þess er eitt efnistökusvæði á aðalskipulagi en ekki á námuskra Vegagerðarinnar. Flest efnistökusvæðin eru þegar í notkun en 8 ný efnistökusvæði eru lögð til. Það er einungis gert á þeim stöðum þar sem langt er í næstu opnu efnistökusvæði eða efnisþörf meiri en heimild er fyrir að taka úr núverandi efnistökusvæðum.

Þar sem þetta var aðeins lausleg skoðun á þessum efnistökusvæðum voru ekki gerðar ítarlegar rannsóknir á þeim. Mikil óvissa er því með efnisgæði og efnismagn á mörgum þessara efnistökusvæða. Gera þarf ítarlegar rannsóknir á efnistökusvæðum til að staðfesta efnismagn og efnisgæði.

Öll 43 efnistökusvæðin voru tekin fyrir í umhverfismati fyrir framkvæmdina sumarið 2022 og hafa engum efnistökusvæðum verið bætt við síðan þá. Efnistökusvæðin eru afmörkuð gróflega og gæti sú afmörkun breyst þegar frekari rannsóknir verða gerðar á efnistökusvæðum.

TAFLA 2 Listi yfir þau efnistökusvæði sem talin eru geta nýst við framkvæmd Holtavörðuheiðarlínu 1 ásamt helstu upplýsingum s.s. námunúmeri (úr námuskra Vegagerðarinnar), staðsetningu, gerð efnis o.fl. Ítarlegri lýsing á efnistökusvæðum er birt í viðauka B.

Nr.	Svæði	Heiti	Náma nr.	Austur (ÍSN93)	Norður (ÍSN93)	Efnisgerð	Sveitarfélag	Aðal-skipulag	Athugasemdir
1	Hvalfjarðarsveit	Stóra-Fellsöxl / Fellsendi	19184/19185	362969	431916	Set (malarhjalli)	Hvalfjarðarsveit	E28	Efnisvinnsla á svæðinu
2		Litla-Fellsöxl	-	361779	432610	Set (malarhjalli)	Hvalfjarðarsveit	E22	
3		Lambhagi	15824	364230	434860	Set (malarhjalli)	Hvalfjarðarsveit	E19	Fullfrágengin
4		Galtarholt	15822	365870	435380	Set (malarhjalli)	Hvalfjarðarsveit	-	Fullfrágengin
5		Brennimelur (Kalastaðakot)	15830	367800	435050	Set	Hvalfjarðarsveit	-	
6		Skorholtsmelar	18835	359000	437050	Set	Hvalfjarðarsveit	E27	Efnisvinnsla á svæðinu
52		Neðra-Skarð	-	364883	440022	Set	Hvalfjarðarsveit	-	
53	Skarðsheiði	Leirárdrög	-	366577	444771	Set (áreyrar)	Hvalfjarðarsveit	-	Nýtt efnistökusvæði
54		Illasund	-	368418	448538	Klöpp	Skorradalshreppur	-	Nýtt efnistökusvæði
9	Borgarfjörður	Grjóteyrarhæðir	17126/17127	364340	450040	Set (malarhjalli)	Borgarbyggð	E66	Efnisvinnsla á svæðinu
10		Árdalur	17034	365970	450220	Set (malarhjalli)	Borgarbyggð	E69	Austan ár
11		Árdalur II	17035	365556	449854	Set (malarhjalli)	Borgarbyggð	E70	Vestan ár
13		Hreppsgil	17030	369960	451420	Set (malarhjalli)	Skorradalshreppur	E30	Fullfrágengin
15		Fossamelar, vestari náma	18838	371690	452160	Set (malarhjalli)	Borgarbyggð	E26	

Nr.	Svæði	Heiti	Náma nr.	Austur (ÍSN93)	Norður (ÍSN93)	Efnisgerð	Sveitarfélag	Aðal-skipulag	Athugasemdir
16		Fossamelar II	21828	372010	451660	Set (malarhjalli)	Borgarbyggð	E27	
19		Fossatún	17046	377287	456770	Set (malarhjalli)	Borgarbyggð	E30	
61		Mávahlíð	17093	376447	454528	Set (malarhjalli)	Borgarbyggð	E32	
20		Stafholtsey	18846	376189	463678	Set (áreyri)	Borgarbyggð	E29	Ekki skoðað
23		Flugvallarmelur (Steðji)	17059	380673	460479	Set (malarhjalli og botnset)	Borgarbyggð	E79	
24		Geirsá	18826	381651	460155	Klökk og set	Borgarbyggð	-	
26		Hamramelur	17060	383511	462939	Set (malarhjalli)	Borgarbyggð	E44	
27		Hamrar	16991	384535	463408	Set (malarhjalli)	Borgarbyggð	E43	
28		Brekkukot II	18827	384474	466707	Set (malarhjalli)	Borgarbyggð	E42	
31		Pverárhlið	Kleifar	17101	385273	472211	Set (malarás)	Borgarbyggð	-
33	Pverá við Norðtungu		17103	385880	473650	Set (áreyri)	Borgarbyggð	E39	
35	Karlsbrekka		18873	385780	475000	Set (áreyri)	Borgarbyggð	E37	
36	Högnastaðir		17113	386080	474840	Set (malarhjalli)	Borgarbyggð	-	
37	Sigmundarstaðir		18872	388330	477370	Set (áreyri/malarhjalli)	Borgarbyggð	-	
55	Skering við Kleifar		22486	386187	471162	Klökk	Borgarbyggð	-	Nýlega opnuð
56	Norðurárdalur	Hafþórstaðir	-	385691	480993	Set	Borgarbyggð	-	Nýtt efnistökusvæði
38		Dýrastaðir	15883	386850	482060	Set (áreyri)	Borgarbyggð	E73	Vestan Norðurár
39		Litlaá (Hvammur)	15876	389683	484380	Set (áreyri)	Borgarbyggð	E82	
41		Krókur	-	392223	484170	Set (malarhjalli)	Borgarbyggð	-	Nýtt efnistökusvæði, ekki skoðað
42		Hellisá	15886	394930	485380	Set (malarhjalli)	Borgarbyggð	-	Fullfrágengin
43		Fornihvammur B	15899	395462	487167	Set (jökulruðningur)	Borgarbyggð	-	Fullfrágengin
44		Fornihvammur E	15889	395952	488400	Set (jökulruðningur)	Borgarbyggð	-	Fullfrágengin
46		Hvassá	15887	396399	490636	Set (áreyri)	Borgarbyggð	-	Fullfrágengin
47		Fornahvammsdrög	15890	397531	491594	Set	Borgarbyggð	-	Fullfrágengin
57		Blesastaðir	-	393746	484462	Set (jökulruðningur)	Borgarbyggð	-	Nýtt efnistökusvæði, ekki skoðað
48	Holtavörðuheiði	Heiðarsporður	-	402640	495750	Klökk	Borgarbyggð	-	Fullfrágengin
58		Holtavörðuheiðarvatn	-	401632	502124	Klökk	Húnaþing vestra	-	Nýtt efnistökusvæði
59		Miklagilskvísl A	-	400904	508837	Set/klökk	Húnaþing vestra	-	Nýtt efnistökusvæði
60		Miklagilskvísl B	-	401579	509817	Set/klökk	Húnaþing vestra	-	Nýtt efnistökusvæði

Heimildir

- [1] EFLA (2021). *2509-542-71-MIN-001-V01-Jarðkönnun á efnistökusvæðum vegna Holtavörðuheiðarlínu 1*. Reykjavík: EFLA.
- [2] EFLA (2022). *2509-569-71-MIN-001-V02-HH1-Ný efnistökusvæði*. Reykjavík: EFLA.
- [3] EFLA (2021). *2509-542-03-MIN-001-V01 Efnistökuáætlun vegna vegaslóða, vinnuplana og grundunar mastra*. Reykjavík: EFLA.
- [4] Sigurður Steinþórsson (2008). Hvernig var tertíertímabilið á Íslandi? *Vísindavefurinn*, 28. apríl 2008. Sótt 9. janúar 2023 af vef: <http://visindavefur.is/svar.php?id=29662>.
- [5] Haukur Jóhannesson (1980). Jarðlagaskipan og þróun rekbelta á Vesturlandi. *Náttúrufræðingurinn*, 50. Bls 13-31.
- [6] Freysteinn Sigurðsson (2004). *Borgarfjarðarhérað – milli Mýra og Hafnarfjalla*. Árbók Ferðafélags Íslands. Reykjavík: Ferðafélag Íslands.
- [7] Árni Hjartarson og Kristján Sæmundsson (2014). *Berggrunnskort af Íslandi, 1:600 000*. Reykjavík: ÍSOR.

VIÐAUKI A YFIRLITSTEIKNINGAR - EFNISTÖKUSVÆÐI



Skýringar:

- Holtavörðuheidarlína 1
- Aðrar loftlínur og jarðstrengir
- Vegir

○ Nr. og heiti efnistökusvæða
 Gult: Námur á aðalskipulagi
 Appelsínugult: Námur utan aðalskipulags
 Blátt: Nýjar námur

0 0,5 1,0 1,5 2,0 2,5 km
 Kvarði


Loftmynd: Loftmyndir ehf
 Hnitakerfi: ÍSNET93



EFLA VERKFRÆÐISTOFA		
	DAGS.	NAFN
HANNAÐ	02.01.2023	ESÓ
TEKNAÐ	09.01.2023	ESÓ
RYNI	09.01.2023	JPI
SAMÞYKKT	JHS	




Holtavörðuheidarlína 1				Verk nr. 2509-569
Efnistökusvæði Yfirlitsskort 1/6				Verkefni nr. EP
CAD sísí				Fag JAR
Kvarði (A3)	Efna teikning nr.	Utgáfa	Síða	Teikning nr.
1:50000	001	01	1/6	



Skýringar:

- Holtavörðuhéiðarlína 1
- Aðrar loftlínur og jarðstrengir
- Vegir


○ Nr. og heiti efnistökusvæða
 Gult: Námur á aðalskipulagi
 Appelsínugult: Námur utan aðalskipulags
 Blátt: Nýjar námur



EFLA VERKFRÆBISTOFA		
	DAGS.	NAFN
HANNAÐ	02.01.2023	ESÓ
TEKNAÐ	09.01.2023	ESÓ
RYNI	09.01.2023	JPI
SAMBÝKKT	JHS	

LANDSNET


Holtavörðuhéiðarlína 1				Verk nr.	2509-569
Efnistökusvæði Yfirlitskort 2/6				Verkefni:	EP
Efnistökusvæði Yfirlitskort 2/6				Fag	JAR
CAD svari	Kvarði (A3)	Efna teikning nr.	Utgáfa	Síða	
	1:50000	001	01	2/6	Teikning nr.



Skýringar:

- Holtavörðuheildarlína 1
- Aðrar loftlínur og jarðstrengir
- Vegir

○ Nr. og heiti efnistökusvæða
 Gult: Námur á aðalskipulagi
 Appelsínugult: Námur utan aðalskipulags
 Blátt: Nýjar námur




Loftmynd: Loftmyndir ehf
 Hnitakerfi: ISNET93



EFLA VERKFRÆÐISTOFA		
DAGS.	NAFN	
HANNAÐ	02.01.2023	ESÓ
TEKNAÐ	09.01.2023	ESÓ
RYNI	09.01.2023	JPI
SAMÞYKKT	JHS	




Holtavörðuheildarlína 1				Verk nr.	2509-569
Efnistökusvæði Yfirlitskort 3/6				Verkefni:	EP
CAD sísá				Fag:	JAR
Kvarði (A3)	Utgáfa	Síða		Tekning nr.	
1:50000	001	01	3/6		



Skýringar:

- Holtavörðuheidarlína 1
- Aðrar loftlínur og jarðstrengir
- Vegir

○ Nr. og heiti efnistökusvæða
 Gult: Námur á aðalskipulagi
 Appelsínugult: Námur utan aðalskipulags
 Blátt: Nýjar námur




Loftmynd: Loftmyndir ehf
 Hnitakerfi: ISNET93



EFLA VERKFRÆÐISTOFA		
	DAGS.	NAFN
HANNAÐ	02.01.2023	ESÓ
TEKNAÐ	09.01.2023	ESÓ
RYNI	09.01.2023	JPI
SAMÞYKKT	JHS	




Holtavörðuheidarlína 1				Verk nr. 2509-569
Efnistökusvæði Yfirlitsskort 4/6				Verkefni nr. EP
CAD sýni				Fag JAR
	Kvarði (A3)	Efla teikning nr.	Utgáfa Síða	Teikning nr.
	1:50000	001	01 4/6	



Skýringar:

- Holtavörðuheiðarlína 1
- Aðrar loftlínur og jarðstrengir
- Vegir

○ Nr. og heiti efnistökusvæða
 Gult: Námur á aðalskipulagi
 Appelsínugult: Námur utan aðalskipulags
 Blátt: Nýjar námur



EFLA VERKFRÆÐISTOFA		
	DAGS.	NAFN
HANNAÐ	02.01.2023	ESÓ
TEKNAÐ	09.01.2023	ESÓ
RYNI	09.01.2023	JPI
SAMÞYKKT	JHS	




Holtavörðuheiðarlína 1				Verk nr. 2509-569
Efnistökusvæði Yfirlitsskort 5/6				Verkefni nr. EP
CAD sýna				Fag JAR
	Kvarði (A3)	Efta teikning nr.	Utgáfa Síða	Teikning nr.
	1:50000	001	01 5/6	



Skýringar:

- Holtavörðuhéiðarlína 1
- Aðrar loftlínur og jarðstrengir
- Vegir

○ Nr. og heiti efnistökusvæða
 Gult: Námur á aðalskipulagi
 Appelsínugult: Námur utan aðalskipulags
 Blátt: Nýjar námur



Loftmynd: Loftmyndir ehf
 Hnitakerfi: ÍSNET93



EFLA VERKFRÆÐISTOFA		
DAGS.	NAFN	
HANNAÐ	02.01.2023	ESÓ
TEKNAÐ	09.01.2023	ESÓ
RYNI	09.01.2023	JPI
SAMÞYKKT	JHS	



Holtavörðuhéiðarlína 1				Verk nr.	2509-569
Efnistökusvæði Yfirlitskort 6/6				Verkefni:	EP
CAD sýni				Fag	JAR
Kvarði (A3)	1:50000	Ísta teikning nr.	001	Utgáfa Síða	01 6/6
				Teikning nr.	

VIÐAUKI B EFNISTÖKUSVÆÐI

1 - Stóra-Fellsöxl / Fellsendi

Náma nr.	Austur	Norður	Gerð efnis	Aðalskipulag	Frágengin	Í notkun	Efnis-rannsóknir	Fjarlægð frá línu	Stærð
19184/ 19185	362969	431916	Set (malarhjalli)	Hvalfjarðarsveit (E28)	Nei	Já	Já	2,0 km	45 ha.

Þetta eru í raun tvær setnámur hlið við hlið, rétt vestan við Fellsenda. Miklir malarhjallar austan í Akrafjalli og hefur mikil efnisvinnsla verið í námunni í nokkurn tíma og áætlanir um að nýta allt að 1,2 miljónir m³. Námurnar eru í fullum rekstri og er rekstraraðili þróttur ehf.

Magn: Vinnslulag er nokkrir metrar og flatarmál námanna um 45 ha. Mörg hundruð þúsund rúmmetra má sækja í námuna.

Efnisgerð og efnisgæði: Núin mól og sandur (malarhjalli).



MYND A.1 Kort sem sýnir umfang námunnar í Stóru-Fellsöxl. Bærinn Fellsendi er staðsettur rétt austan megin við námuna. *Loftmynd: Loftmyndir ehf.*

2 – Litla Fellsöxl

Náma nr.	Austur	Norður	Gerð efnis	Aðalskipulag	Frágengin	Í notkun	Efnis-rannsóknir	Fjarlægð frá línu	Stærð
-	361779	432610	Set (malarhjalli)	Hvalfjarðarsveit (E22)	Nei	Já	Nei	3,5 km	15 ha.

Náman er staðsett við vegamót Akrafjallsvegur og Fellsendavegar. Náman er rétt um 1 km vestan við námuna við Stóru-Fellsöxl og er í sömu jarðmyndun, miklum malarhjöllum. Töluverð efnistaka hefur verið úr námunni á síðustu árum og er leyfilegt að taka allt að 200 þús m³ efnis úr námunni.

Magn: Vinnslulag er nokkrir metrar og flatarmál námanna um 15 ha. Allt að 200 þúsund m³ má sækja í námuna.

Efnisgerð og efnisgæði: Núin möl og sandur (malarhjalli).



MYND A.2 Kort sem sýnir staðsetningu og stærð námunnar í Litlu-Fellsöxl við vegamót Akrafjallsvegur og Fellsendavegar. *Loftmynd: Loftmyndir ehf.*

3 – Lambhagi

Náma nr.	Austur	Norður	Gerð efnis	Aðalskipulag	Frágengin	Í notkun	Efnis-rannsóknir	Fjarlægð frá línu	Stærð
15824	364230	434860	Set (malarhjalli)	Hvalfjarðarsveit (E19)	Já	Nei	Já	2,0 km	4,5 ha.

Gömul frágengin náma sem er ekki lengur í notkun. Þetta er holt sem er upp við Hvalfjarðarveg og er hluti af stærri jarðmyndun í Melahverfi, malarhryggjum og ásum sem liggja þar víða. Náman er frágengin og lúpína er farin að dreifa sér um sárin.

Magn: Búið er að vinna töluvert af efni í námunni nú þegar, en það ætti að vera möguleiki að vinna meira í námunni til suðurs u.þ.b. 10 – 20.000 m³.

Efnisgerð og efnisgæði: Núin möl og sandur (malarhjalli).



MYND A.3 Náman er nú flatlend og lúpína er farin að planta sér í sárin. Horft er til suðausturs í átt að þeim hluta þar sem hægt er að vinna meira efni.

4 – Galtarholt

Náma nr.	Austur	Norður	Gerð efnis	Aðalskipulag	Frágengin	Í notkun	Efnis-rannsóknir	Fjarlægð frá línu	Stærð
15822	365870	435380	Set (malarhjalli)	Nei	Já	Nei	Já	0,3 km	2,0 ha.

Gömul frágengin náma sem er ekki lengur í notkun. Þetta er holt sem er við vegamót Hvalfjarðarvegur og Galtarholtsvegur. Þetta er hluti af stærri jarðmyndun í Melahverfi, malarhryggjum og ásum sem liggja þar víða. Náman er frágengin en holtið gengur áfram til suðurs. Galtarholtsvegur liggur í gegnum námusvæðið.

Magn: Búið er að vinna töluvert efni nyrst, næst Hvalfjarðarvegi, en vel er hægt að halda áfram efnisvinnslu til suðurs. Mikið efni er væntanlega til í námunni, allt að 50.000 m³.

Efnisgerð og efnisgæði: Núin möl og sandur (malarhjalli).



MYND A.4 Horft til suðurs frá vegamótum Svínadalsvegur og Hvalfjarðarvegur, Galtarholtsvegur liggur til suðurs. Námusvæðið er nyrst í holtinu en vel er hægt að vinna sig lengra til suðurs.

5 – Brennimelur (Kalastaðakot)

Náma nr.	Austur	Norður	Gerð efnis	Aðalskipulag	Frágengin	Í notkun	Efnis-rannsóknir	Fjarlægð frá línu	Stærð
15830	367800	435050	Set	Nei	Já	Nei	Nei	1,5 km	2,5 ha.

Gömul frágengin náma sem er ekki lengur í notkun og lítil ummerki um. Þetta er holt sem er upp við Hvalfjarðarveg og er hluti af stærri jarðmyndun í Melahverfi, malarhryggjum og ásum sem liggja þar víða. Háspennulínur liggja um austanvert holtið og aðkomuvegur að tengivirki að vestanverðu.

Magn: Ekki er sjáanlegt að mikið sé búið að taka úr námunni, en það er vel hægt að skafa ofan af holtinu allt að 25.000 m³.

Efnisgerð og efnisgæði: Núin möl og sandur (malarhjalli).



MYND A.5 Horft til norðurs eftir Brennimel. Háspennulínurnar má sjá til hægri og Miðfellsmúla í baksýn.

6 – Skorholtsmelar

Náma nr.	Austur	Norður	Gerð efnis	Aðalskipulag	Frágengin	Í notkun	Efnis-rannsóknir	Fjarlægð frá línu	Stærð
18835	359000	437050	Set	Hvalfjarðarsveit (E27)	Nei	Já	Já	6,5 km	12,5 ha.

Náman er í miklum malarhjöllum í suðurhluta Skorholtsmela. Mikil efnistaka hefur verið í námunni í nokkurn tíma og áætlanir eru um að auka efnistöku. Talið er að hægt sé að nýta allt að 2,5 miljónir m³. Steypustöðin rekur efnisvinnslu þar núna.

Magn: Vinnslulag er yfir 20 metrar og flatarmál námanna um 12,5 ha. Mörg hundruð þúsund rúmmetra má sækja í námuna.

Efnisgerð og efnisgæði: Núin möl og sandur (malarhjalli).



MYND A.6 Malar- og sandlög í Skorholtsmelum. Vinnslulagið er mjög þykkt.

52 – Neðra-Skarð

Náma nr.	Austur	Norður	Gerð efnis	Aðalskipulag	Frágengin	Í notkun	Efnis-rannsóknir	Fjarlægð frá línu	Stærð
-	364883	440022	Set (malarhjalli)	Nei	Nei	Nei	Nei	0,4 km	0,7 ha.

Lítill gryfja í sethjalla ofan við bæinn Neðra-Skarð, um 2-3 m djúp. Núin möl og sandur, lítillaga lagskipt. Grunnvatn í botni en auðvelt væri að dreina gryfjuna. Stærð svæðisins er um 0,7 ha. en líklega væri auðvelt að stækka það töluvert til suðurs og norðurs. Ekki þykk ofanafýting.

Magn: Vinnslulag eru líklega 2-4 m. Hægt væri að ná a.m.k. 10.000 m³ úr námunni.

Efnisgerð og efnisgæði: Núin möl og sandur (malarhjalli).



MYND A.7 Til vinstri má sjá loftmynd af gryfjunni og stærð hennar. Til hægri má sjá gryfjuna, horft til suðvesturs, Akrafjall í baksýn. Loftmynd: Loftmyndir ehf.


53 - Leirárdrög

Náma nr.	Austur	Norður	Gerð efnis	Aðalskipulag	Frágengin	Í notkun	Efnis-rannsóknir	Fjarlægð frá línu	Stærð
-	366577	444771	Set (áreyrar)	Nei	Nei	Nei	Nei	0,3 km	2,8 ha.

Áreyrar Leirár inn í dalverpi sem kallast Miðfitjar. Ármöl hefur safnast saman í dalverpið og breitt úr sér. Ármölin er áberandi ljós enda uppistaða efnisins rýólít ofan úr Skeggkarli. Mikil óvissa er með efnismagn og efnisgæði, en mögulega er hægt að taka þarna nokkur hundruð rúmmetra efnis.

Magn: Mikil óvissa. Nokkur hundruð m³ efnis, allt að 10-15 þús m³.

Efnisgerð og efnisgæði: Óvissa með efnisgæði. Brúnamád ármöl og sandur, að mestu úr rýólíti.



MYND A.8 Til vinstri má sjá loftmynd af fyrirhuguðu efnistökusvæði á áreyrum Leirár. Til hægri má sjá áreyrarnar, horft til norðausturs. Loftmynd: Loftmyndir ehf.


54 - Illasund

Náma nr.	Austur	Norður	Gerð efnis	Aðalskipulag	Frágengin	Í notkun	Efnis-rannsóknir	Fjarlægð frá línu	Stærð
-	368418	448538	Klöpp	Nei	Nei	Nei	Nei	0,1 km	0,5 ha.

Óraskaður klapparhóll með jökulruðningslagi ofan á. Gæti verið hægt að skafa jökulruðninginn ofan af. Náman er undir núverandi Vatnshamralínu 1 sem gæti verið til vandræða. Lækur rennur meðfram jarðmynduninni.

Magn: Mikil óvissa með efnismagn. Gæti verið mjög lítið, í mesta lagi 5.000 m³.

Efnisgerð og efnisgæði: Klapparhóll og jökulruðningur með ókunn efnisgæði.



MYND A.9 Til vinstri má sjá loftmynd af fyrirhuguðu efnistökusvæði undir línustæði Vatnshamralínu 1. Til hægri má sjá klapparhólinn, hulinn af jökulruðningi. *Loftmynd: Loftmyndir ehf.*

9 – Grjóteyrarhæðir

Náma nr.	Austur	Norður	Gerð efnis	Aðalskipulag	Frágengin	Í notkun	Efnis-rannsóknir	Fjarlægð frá línu	Stærð
17126/ 17127	364340	450040	Set (malarhjalli)	Borgarbyggð (E66)	Nei	Já	Já	5,0 km	2 ha.

Þetta eru í raun þrjár námur á svipuðum slóðum. Þetta eru þykkir malarhjallar í norðanverðum Tungukolli og efnisgerð lagskipt, núin möl og sandur. Austasta náman er í notkun en hinar tvær virðast ekki vera í mikilli notkun. Heildarstærð allra náma er um 8 ha. en sú sem er í notkun er um 2 ha. Efnisvinnsla hefur verið í námunni og miklir haugar af möl og sandi eru innan námusvæðis. Vatnshamralína 2 liggur rétt sunnan við námuna.

Magn: Vinnslulag er um 5-8 m og vel hægt að vinna um 25 – 30.000 m³ án vandkvæða.

Efnisgerð og efnisgæði: Möl og sandur (malarhjalli).



MYND A.10 Horft til norðurs yfir námuna sem er í notkun. Einhver efnisvinnsla virðist vera á staðnum og töluvert af efnishaugum.


10 & 11 Árdalur/Árdalur II

Nafn	Náma nr.	Austur	Norður	Gerð efnis	Aðalskipulag	Frágengin	Í notkun	Efnis-rannsóknir	Fjarlægð frá línu	Stærð
Árdalur	17034	365970	450220	Set (malarhjalli)	Borgarbyggð (E69)	Já	Nei	Já	3,0 km	9 ha.
Árdalur II	17035	365556	449854	Set (malarhjalli)	Borgarbyggð (E70)	Nei	Já	Já	3,2 km	4,5 ha.

Tvær námur sitthvoru megin við Árdalsá, báðar á aðalskipulagi og námuskrá Vegagerðarinnar. Námurnar eru staðsettar í miklum malarhjöllum sem teygja sig um sunnanverðan Borgarfjörðinn. Efnistökusvæðið vestan ár (Árdalsá II) virðist vera í lítilli notkun en austan ár (Árdalsá) ekki í rekstri og frágengin. Ekki náðist að skoða efnistökusvæðin.

Magn: Óvissa er með efnismagn, líklega hægt að taka nokkur þúsund, jafnvel tugþúsundir m³.

Efnisgerð og efnisgæði: Möl og sandur (malarhjalli).



MYND A.11 Kort sem sýnir staðsetningu og stærð námanna við Árdalsá. Árdalur II til vinstri (1) og Árdalur til hægri (2). *Loftmynd: Loftmyndir ehf.*

13 - Hreppsgil

Náma nr.	Austur	Norður	Gerð efnis	Aðalskipulag	Frágengin	Í notkun	Efnis-rannsóknir	Fjarlægð frá línu	Stærð
17030	369960	451420	Set (malarhjalli)	Skorradalshreppur (E30)	Já	Nei	Já	0,8 km	0,5 ha.

Fullfrágengin náma austan við Mófellsstaðaveg. Þar hefur verið tekið efni til vegagerðar. Náman er staðsett í miklum malarhjöllum sem teygja sig um sunnanverðan Borgarfjörðinn. Óvissa er með efnismagn og efnisgæði en staðsetning námunnar er góð og er hún á aðalskipulagi.

Magn: Mikil óvissa er með efnismagn.

Efnisgerð og efnisgæði: Óvissa er með efnisgæði, en líklega gróf mól.



MYND A.12 Kort sem sýnir staðsetningu og stærð námunnar við Hreppsgil austan við Mófellsstaðaveg. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

15 & 16 – Fossamelar / Fossamelar II

Nafn	Náma nr.	Austur	Norður	Gerð efnis	Aðalskipulag	Frágengin	Í notkun	Efnis-rannsóknir	Fjarlægð frá línu	Stærð
Fossamelar, vestari náma	18838	371690	452160	Set (malarhjalli)	Borgarbyggð (E26)	Nei	Já	Já	2,1 km	5,0 ha.
Fossamelar II	21828	372010	451660	Set (malarhjalli)	Borgarbyggð (E27)	Nei	Já	Já	2,6 km	2,5 ha.

Tvær námur sem eru á svipuðum stað (tvö námunúmer). Þetta eru miklir malarhjallar við mynni Skorradals. Báðar námurnar virðast vera í notkun.

Magn: Malarhjallarnir eru þykkir og nóg til af efni. Vel væri hægt að vinna um 80 – 100.000 m³ úr vestari námunni og Fossamelum II. Mögulega væri hægt að stækka námurnar þannig að vinna mætti tífalt það magn.

Efnisgerð og efnisgæði: Núin möl og sandur (malarhjalli).



MYND A.13 Horft til norðausturs inn í Fossamela, vestari námu.

19 - Fossatún

Náma nr.	Austur	Norður	Gerð efnis	Aðalskipulag	Frágengin	Í notkun	Efnis-rannsóknir	Fjarlægð frá línu	Stærð
17046	377287	456770	Set (malarhjalli)	Borgarbyggð (E30)	Nei	Já	Já	3,4 km	5,0 ha.

Nokkuð stór náma á mel í mynni Lundareykjadals að norðanverðu. Þetta eru malarhjallar með lagskiptri, núinni möl og sandi. Það eru tvær aðrar námur rétt hjá þessari: Fossatún, neðri náma (18843) og Múlakot (19188). Þær eru hins vegar ekki í notkun en ófrágengnar.

Magn: Nóg er til af efni og vel hægt að vinna allt að 80 – 100.000 m³.

Efnisgerð og efnisgæði: Núin möl og sandur (malarhjalli).



MYND A.14 Malarhjallar í Fossatúnsnámu vestan Lundareykjadalsvegur. Mikið er af tækjum og efnishaugum í námunni.

61 - Mávahlíð

Náma nr.	Austur	Norður	Gerð efnis	Aðalskipulag	Frágengin	Í notkun	Efnis-rannsóknir	Fjarlægð frá línu	Stærð
17093	376447	454528	Set (malarhjalli)	Borgarbyggð (E32)	Nei	Já	Já	5,0 km	17,4 ha.

Tvær opnar gryfjur hlið við hlið í sethjalla ofan við Uxahryggjaveg. Efnisvinnsla hefur farið þar fram undanfarin ár og eru töluverðir haugar í námu.

Magn: Óvissa með efnismagn. Líklega nokkur þúsund m³ efnis.

Efnisgerð og efnisgæði: Nokkur óvissa með efnisgæði. Núin sandur og möl (malarhjalli), fínefnaríkt.



MYND A.15 Loftmynd sem sýnir staðsetningu efnistökusvæðisins við Mávahlíð og stærð þess. *Loftmynd: Loftmyndir ehf.*

20- Stafholtsey

Náma nr.	Austur	Norður	Gerð efnis	Aðalskipulag	Frágengin	Í notkun	Efnis-rannsóknir	Fjarlægð frá línu	Stærð
18846	376189	463678	Set (áreyri)	Borgarbyggð (E29)	?	?	Já	2,7 km	4,0 ha.

Náman er staðsett á áreyrum Hvítár, rétt norðan við bæinn Stafholtsey við ármót Hvítár og Þverár. Ekki náðist að skoða efnistökusvæði og því mikil óvissa með þessa námu. Mikil óvissa er með veltengingu og þyrfti líklega að styrkja vegslóða að námunni.

Magn: Líklega er hægt að skafa upp um 1 m malarlagi af áreyrunum og þ.a.l. hægt að taka allt að 40.000 m³.

Efnisgerð og efnisgæði: Möl og sandur (áreyri).



MYND A.16 Kort sem sýnir staðsetningu efnistökusvæðis í Stafholtsey á áreyrum Hvítár, rétt norðan við Stafholtsey. *Loftmynd: Loftmyndir ehf.*

23 – Flugvallarmelur (Steðji)

Náma nr.	Austur	Norður	Gerð efnis	Aðalskipulag	Frágengin	Í notkun	Efnis-rannsóknir	Fjarlægð frá línu	Stærð
17059	380673	460479	Set (malarhjalli og botnset)	Borgarbyggð (E79)	Nei	Nei	Nei	2,7 km	1,0 ha.

Lítill náma við afleggjarann að flugbrautinni við Borgarfjarðarbraut. Búið er að skafa upp c.a. 1 m lag ofan af um 0,5 ha. svæði. Þetta virðist að mestu núin möl og sandur en í gildragi má sjá að mikið er af fínefnaríku efni (silti) og því er talin mikil óvissa með efnisgæði í námu. Líklega hefur ekki verið grafið dýpra vegna lakra efnisgæða.

Magn: Hægt væri að skafa 1,0 m ofan af um 1,0 ha. svæði og efnistaka gæti því verið að hámarki 10.000 m³.

Efnisgerð og efnisgæði: Núin möl, sandur og silt (malarhjalli og botnset).



MYND A.17 Horft til norðurs yfir efnistökusvæðið að Flugvallarmel. Búið er að skafa upp efni á milli afleggjara að flugbraut og hjallabrún.

24 – Geirsá

Náma nr.	Austur	Norður	Gerð efnis	Aðalskipulag	Frágengin	Í notkun	Efnis-rannsóknir	Fjarlægð frá línu	Stærð
18826	381651	460155	Klökk og set	Nei	Nei	Nei	Já	3,5 km	1,5 ha.

Gömul setnáma við Borgarfjarðabraut í mynni Flókadals, en er nú að mestu klapparnáma. Búið er að sprengja upp um 3.000 m² svæði og hægt að vinna sig bæði til norðausturs og suðvesturs. Engin efnisvinnsla er í námunni en leifar af haugum má finna þar.

Magn: Auðveldlega er hægt að sprengja nokkur þúsund rúmmetra af efni ásamt því að mala það lausa efni sem nú þegar er til staðar. Efnismagn er allt að 10 – 20.000 m³.

Efnisgerð og efnisgæði: Þétt, lítið ummyndað basalt, líklega mjög góð efnisgæði.



MYND A.18 Horft til suðvesturs yfir námuna í Geirsá, mikið er af óbrotnu efni og efnishaugum. Borgarfjarðabraut sést til hægri.

26 – Hamramelur

Náma nr.	Austur	Norður	Gerð efnis	Aðalskipulag	Frágengin	Í notkun	Efnis-rannsóknir	Fjarlægð frá línu	Stærð
17060	383511	462939	Set (malarhjalli)	Borgarbyggð (E44)	Nei	Nei	Já	2,5 km	1,5 ha.

Náma í notkun í malarhjalla neðan við vegamót Borgarfjarðarbrautar og Stóra-Kroppsvegur.

Magn: Náman takmarkast af vegum og giljadragi. Hins vegar væri hægt að taka efni suðvestan við námuna. Raunhæft er að taka um 15.000 m³ m.v. óverulegar breytingar á námunni.

Efnisgerð og efnisgæði: Núin möl og sandur (malarhjalli).



MYND A.19 Horft til suðausturs yfir námuna í Hamramelum.

27 – Hamrar

Náma nr.	Austur	Norður	Gerð efnis	Aðalskipulag	Frágengin	Í notkun	Efnis-rannsóknir	Fjarlægð frá línu	Stærð
16991	384535	463408	Set (malarhjalli)	Borgarbyggð (E43)	Nei	Já	Já	2,8 km	2,5 ha.

Allmikil náma sunnan við Borgarfjarðabraut, rétt vestan við Kleppjárnsreyki. Náman er í malarhjalla utan í fjalli og er vinnslugæði líklega 10-15 m þykkt.

Magn: Líklega er hægt að taka hátt í 50.000 m³ efnis af því gefnu að þetta sé allt laust efni, þetta er óvissu háð.

Efnisgerð og efnisgæði: Núin möl og sandur (malarhjalli).



MYND A.20 Malarhjalli í Hamranámu. Töluvert virðist vera af lausu efni innar í hjallanum.

28 – Brekkukot II

Náma nr.	Austur	Norður	Gerð efnis	Aðalskipulag	Frágengin	Í notkun	Efnis-rannsóknir	Fjarlægð frá línu	Stærð
18827	384474	466707	Set (malarhjalli)	Borgarbyggð (E42)	Nei	Já	Já	0,8 km	2,0 ha.

Stór og mikil náma vestan við Borgarfjarðabraut, ofan við bæinn Brekkukot. Náman er inn í malarhjalla og er sæmilega falin. Mikið er af lagskiptri, núinni möl og sandi og er vinnslagíð líklega um 10 m þykkt.

Magn: Vel er hægt að taka 50 – 80.000 m³ efnis.

Efnisgerð og efnisgæði: Núin möl og sandur (malarhjalli).



MYND A.21 Horft til suðvesturs yfir Brekkukotsnámu. Efnistaka er núna að mestu sunnantil í námunni.

31 – Kleifar

Náma nr.	Austur	Norður	Gerð efnis	Aðalskipulag	Frágengin	Í notkun	Efnis-rannsóknir	Fjarlægð frá línu	Stærð
17101	385273	472211	Set (malarás)	Nei	Nei	Nei	Já	0,3 km	0,5 ha.

Efnistökusvæðið er á áreyrum Örnólfsdalsár, rétt vestan við bæinn Norðtungu, ofan við brú. Ekki eru miklir möguleikar á efnistöku á svæðinu. Hefur að öllum líkindum neikvæð áhrif á lífríki árinna.

Magn: Hægt er að taka allt að 5.000 m³ efnis úr áreyrum.

Efnisgerð og efnisgæði: Möl og sandur (áreyri).



MYND A.22 Kort sem sýnir staðsetningu Kleifanámu á áreyrum Örnólfsdalsár, rétt vestan við bæinn Norðtungu. *Loftmynd: Loftmyndir ehf.*

33 – Þverá við Norðtungu

Náma nr.	Austur	Norður	Gerð efnis	Aðalskipulag	Frágengin	Í notkun	Efnis-rannsóknir	Fjarlægð frá línu	Stærð
17103	385880	473650	Set (áreyri)	Borgarbyggð (E39)	Nei	Já	Já	0,3 km	1,0 ha.

Önnur náma er staðsett norðar í landi Norðtungu, við áreyrar Örnólfsdalsár. Efnistaka þar mun hafa áhrif á lífríki árinna. Efnistaka hefur verið sitthvoru megin við Þverárhliðarveg, þá sérstaklega vestan hans. Búið er að taka um 500 – 1.000 m³ efnis, auk þess eru efnishaugar við veginn af flokkaðri möl. Tún er sunnan efnistökusvæðis og skóglendi norðan þess.

Magn: Ef vinnslulag er um 1,5 m, þá er hægt að taka allt að 15.000 m³ efnis.

Efnisgerð og efnisgæði: Möl og sandur (áreyri).



MYND A.23 Horft til vesturs í átt að efnistökusvæðinu vestan Þverárhliðarvegar.

35 – Karlsbrekka

Náma nr.	Austur	Norður	Gerð efnis	Aðalskipulag	Frágengin	Í notkun	Efnis-rannsóknir	Fjarlægð frá línu	Stærð
18873	385780	475000	Set (áreyri)	Borgarbyggð (E37)	Nei	Já	Nei	0,3 km	0,6 ha.

Náman er staðsett á norðurbökkum Litlu-Þverár, neðan Grjóthálsvegjar. Lítil ummerki um efnistöku á svæðinu. Efni er aðallega í áreyrum, en einnig væri hægt að grafa niður úr árbökkunum. Rétt fyrir neðan og nánast samliggjandi er efnistökusvæðið Litla-Þverá, þar eru litlir möguleikar til efnistöku.

Magn: Hægt er að vinna um 5 – 10.000 m³ efnis.

Efnisgerð og efnisgæði: Mól og sandur (áreyri).



MYND A.24 Horft til austurs yfir árbakka Litlu-Þverár við Karlsbrekku.

36 – Högnastaðir

Náma nr.	Austur	Norður	Gerð efnis	Aðalskipulag	Frágengin	Í notkun	Efnis-rannsóknir	Fjarlægð frá línu	Stærð
17113	386080	474840	Set (malarhjalli)	Nei	Já	Nei	Já	0,1 km	1,5 ha.

Gömul náma sem er frágengin, er nú notuð sem lagersvæði fyrir skógrækt og fyrir ruslagám. Náman er í jaðri malarhjalla sem er opinn til norðvesturs. Þverárvegur liggur ofan á malarhjallanum, austan við námuna. Gott aðgengi er að námu og hún nálægt línuleið.

Magn: Hægt er að vinna sig áfram í malarhjalla meðfram Þverárvegi. Efnismagn er allt að 15.000 m³.

Efnisgerð og efnisgæði: Núin möl og sandur (malarhjalli).



MYND A.25 Horft til austurs yfir Högnastaðanámuna sem sést fyrir miðri mynd. Í bakgrunni er Norðtunguskógur.

37 – Sigmundarstaðir

Náma nr.	Austur	Norður	Gerð efnis	Aðalskipulag	Frágengin	Í notkun	Efnis-rannsóknir	Fjarlægð frá línu	Stærð
18872	388330	477370	Set (áreyri-malarhjalli)	Nei	Nei	Já	Nei	2,0 km	0,2 (1,0) ha.

Lítill náma neðan við bæinn Sigmundarstaði, ofan við Litlu-Þverá. Náman er á lágum malarhjalla og er vinnsluagið aðeins um 1-1,5 m. Einnig eru áreyrar fyrir neðan námuna þar sem hægt væri að nýta efni, en efnistaka þar myndi hafa áhrif á lífríki árinna.

Magn: Ef aðeins er tekið efni úr litlu námunni þá væri hægt að taka að hámarki 3.000 m³ en ef tekið væri efni úr áreyrunum fyrir neðan væri hægt að taka allt að 10.000 m³.

Efnisgerð og efnisgæði: Núin möl og sandur (malarhjalli og áreyri).



MYND A.26 Horft yfir það efnistökusvæði sem hefur verið kroppað í nú þegar.


55 – Skering við Kleifar

Náma nr.	Austur	Norður	Gerð efnis	Aðalskipulag	Frágengin	Í notkun	Efnis-rannsóknir	Fjarlægð frá línu	Stærð
22486	386187	471162	Klöpp	Nei	Nei	Já	Já	1,0 km	2,0 ha.

Skering við Þverárhliðarveg. Efni var sprengt og notað í vegagerð um Þverárhlið árið 2022, þar hafa verið teknir tugir þúsunda m³ efnis. Hörð basaltklöpp, gæðafni með lágt LA-gildi.

Magn: Bergstálið er um 4-5 m að hæð. Hægt væri að vinna skeringuna áfram til suðurs og vesturs. Hægt væri að ná 10-50.000 m³ af sprengdu efni.

Efnisgerð og efnisgæði: Basaltklöpp með lágt LA-gildi.



MYND A.27 Loftmynd sem sýnir staðsetningu skeringarinnar við Kleifar (við Þverárhliðarveg). Aðstæður þar eru töluvert frábrugðnar í dag, enda búið að taka tugi þúsund m³ úr skeringunni. *Loftmynd: Loftmyndir ehf.*

56 – Hafþórsstaðir

Náma nr.	Austur	Norður	Gerð efnis	Aðalskipulag	Frágengin	Í notkun	Efnis-rannsóknir	Fjarlægð frá línu	Stærð
-	385691	480993	Set	Nei	Nei	Nei	Nei	1,5 km	5-17 ha.

Nýtt og óraskað efnistökusvæði neðan við Hafþórsstaði. Þó hefur verið kroppað lítillega í það neðan við Norðurárdalsveg. Hæðóttur setbunki á milli hlíðar Grjótháls og áreyra Norðurár. Má skipta í syðra og nyrðra svæði en tún er á milli sem slítur svæðin í sundur. Nyrðra svæðið er um 7 ha. og syðra svæðið um 10 ha. Aðeins er gert ráð fyrir að efnistaka verði á öðru hvoru svæðinu. Efnid virðist vera nokkuð sendin möl. Líklega vaskað set af jökulrænum uppruna. Óvissa er með vegtengingar við línuleiðina, mögulega þarf að styrkja hana.

Magn: Óvissa er með efnismagn en vinnslulag gæti verið allt að 2-5 m. Líklega væri þá auðveldlega hægt að ná allt að 100-200.000 m³ efnis.

Efnisgerð og efnisgæði: Óvissa er með efnisgæði. Líklega sendin möl.



MYND A.28 Loftmynd sem sýnir mögulega staðsetningu efnistökusvæðis við Hafþórsstaði. Aðeins er gert ráð fyrir að efnistaka verði á öðru hvoru svæðinu. *Loftmyndir ehf.*



MYND A.29 Horft til suðvesturs yfir norðanvert efnistökusvæði við Hafþórsstaði.

38 – Dýrastaðir

Náma nr.	Austur	Norður	Gerð efnis	Aðalskipulag	Frágengin	Í notkun	Efnis-rannsóknir	Fjarlægð frá línu	Stærð
15883	386850	482060	Set (áreyri)	Borgarbyggð (E73)	Nei	Já	Já	1,2 km	4,0 ha.

Umhverfis Dýrastaðaá hefur verið tekið töluvert af efni, bæði austan hennar og vestan. Í heildina er þetta svæði um 4 ha. en meiri efnistaka hefur verið vestan ár. Þar er nú geymslusvæði fyrir vélar og tæki.

Magn: Vel er hægt að vinna um 20.000 m³ efnis af svæðinu.

Efnisgerð og efnisgæði: Möl og sandur (áreyri).



MYND A.30 Horft til austurs yfir Dýrastaðanámuna. Dýrastaðaá má sjá til hægri.


39 – Litlaá (Hvammur)

Náma nr.	Austur	Norður	Gerð efnis	Aðalskipulag	Frágengin	Í notkun	Efnis-rannsóknir	Fjarlægð frá línu	Stærð
15876	389683	484380	Set (áreyri)	Borgarbyggð (E82)	Já	Nei	Já	1,6 km	2,0 ha.

Frágengin náma staðsett á ármótum Litluár og Norðurár. Ekki náðist að skoða efnistökusvæði.

Magn: Hægt er að taka allt að 10 – 20.000 m³.

Efnisgerð og efnisgæði: Möl og sandur (áreyri).



MYND A.31 Kort sem sýnir námuna við Litluá í Norðurárdal. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

41 – Krókur

Náma nr.	Austur	Norður	Gerð efnis	Aðalskipulag	Frágengin	Í notkun	Efnis-rannsóknir	Fjarlægð frá línu	Stærð
-	392223	484170	Set	Nei	Nei	Nei	Nei	0,4 km	1,0 ha.

Nýtt efnistökusvæði sunnan við Norðurá, rétt austan við Krók. Þetta er einhverskonar blanda af ár- og jökulseti. Mikil óvissa er með efnisgæði.

Magn: Hægt er að vinna allt að 10.000 m³ efnis.

Efnisgerð og efnisgæði: Möl og sandur (óvissa með efnisgæði).



MYND A.32 Horft til suðurs yfir malarhóla sunnan Norðurár, sem sést í forgrunni.

42 – Hellisá

Náma nr.	Austur	Norður	Gerð efnis	Aðalskipulag	Frágengin	Í notkun	Efnis-rannsóknir	Fjarlægð frá línu	Stærð
15886	394930	485380	Set (malarhjalli)	Nei	Já	Nei	Já	0,2 km	3,5 ha.

Áreyrar og malarhjallar á ármótum Hellisár og Norðurár. Náman er nokkuð stór og frágengin. Nóg af efni er þó enn til staðar í jöðrum námunnar. Efnistakan mun ekki hafa áhrif á ána sjálfa.

Magn: Hægt er að taka efni sunnan og vestan til í námunni, allt að 50.000 m³.

Efnisgerð og efnisgæði: Möl og sandur (áreyri).



MYND A.33 Horft til vesturs yfir efnistökusvæði Hellisár. Norðurá í forgrunni.

43 – Fornihvammur B

Náma nr.	Austur	Norður	Gerð efnis	Aðalskipulag	Frágengin	Í notkun	Efnis-rannsóknir	Fjarlægð frá línu	Stærð
15899	395462	487167	Set (jökulruðningur)	Nei	Já	Nei	Já	0,3 km	1,2 ha.

Frágengið efnistökusvæði í Norðurárdal neðan við Hvassá, vestan Þjóðvegjar. Þetta er einhverskonar blanda af ár- og jökulseti.

Magn: Hægt er að vinna allt að 10.000 m³ efnis.

Efnisgerð og efnisgæði: Möl og sandur (óvissa með efnisgæði).



MYND A.34 Horft til suðurs yfir efnistökusvæði Fornahvamms B.

44 – Fornihvammur E

Náma nr.	Austur	Norður	Gerð efnis	Aðalskipulag	Frágengin	Í notkun	Efnis-rannsóknir	Fjarlægð frá línu	Stærð
15889	395952	488400	Set (jökulruðningur)	Nei	Já	Nei	Já	0,5 km	0,8 ha.

Frágengið efnistökusvæði í Norðurárdal neðan við Hvassá, vestan Þjóðvegjar. Þetta er einhverskonar blanda af ár- og jökulseti.

Magn: Hægt er að vinna allt að 5.000 m³ efnis.

Efnisgerð og efnisgæði: Möl og sandur (óvissa með efnisgæði).



MYND A.35 Horft til norðurs yfir efnistökusvæði Fornahvamms E.

46 – Hvassá

Náma nr.	Austur	Norður	Gerð efnis	Aðalskipulag	Frágengin	Í notkun	Efnis-rannsóknir	Fjarlægð frá línu	Stærð
15887	396399	490636	Set (áreyri)	Nei	Nei	Nei	Já	1,1 km	1,8 ha.

Hálfrágengið efnistökusvæði í Norðurárdal við Hvassá. Þetta eru í raun áreyrar Hvassár sem sameinast Norðurá. Áreyrarnar standa töluvert ofar en árnar sjálfar. Efnistakan mun ekki hafa áhrif á áнна sjálfa. Efnistökusvæðið er að miklu leyti gróið. Einn efnishaugur er eftir á svæðinu frá Vegagerðinni og er námubotninn líklega bara geymslustaður fyrir efnishauginn.

Magn: Hægt er að vinna allt að 10.000 m³ efnis.

Efnisgerð og efnisgæði: Möl og sandur (áreyri).



MYND A.36 Horft til austurs yfir efnishaug á efnistökusvæðinu.

47 – Fornahvammsdrög

Náma nr.	Austur	Norður	Gerð efnis	Aðalskipulag	Frágengin	Í notkun	Efnis-rannsóknir	Fjarlægð frá línu	Stærð
15890	397531	491594	Set	Nei	Já	Nei	Já	1,1 km	2,5 ha.

Frágengið efnistökusvæði í Norðurárdal ofan við Hvassá. Þetta eru tvö svæði, sitthvoru megin þjóðvegjarins. Þetta er einhverskonar blanda af ár- og jökulseti.

Magn: Hægt er að vinna allt að 10.000 m³ efnis.

Efnisgerð og efnisgæði: Möl og sandur (óvissa með efnisgæði).



MYND A.37 Horft til norðurs yfir efnistökusvæðið. Þjóðvegur 1 er í baksýn.


57 – Blesastaðir

Náma nr.	Austur	Norður	Gerð efnis	Aðalskipulag	Frágengin	Í notkun	Efnis-rannsóknir	Fjarlægð frá línu	Stærð
-	393746	484462	Set (jökulruðningur)	Nei	Nei	Nei	Nei	0,0 km	1,0 ha.

Sethjallar utan í Norðurárdal. Líklega jökulruðningur (jaðarurð), hjallamyndun með lök efnisgæði. Undir núverandi Hrutatungulínu 1. Hugsað sem varanáma ef það vantar efni.

Magn: Mikil óvissa er með efnismagn en gætu verið nokkur þúsund m³ efnis.

Efnisgerð og efnisgæði: Mikil óvissa með efnisgæði, líklega fínefnaríkur jökulruðningur (jaðarurð) eða sethjalli.



MYND A.38 Loftmynd sem sýnir mögulega staðsetningu efnistökusvæðis við Blesastaði. *Loftmynd: Loftmyndir ehf.*

48 – Heiðarsporður

Náma nr.	Austur	Norður	Gerð efnis	Aðalskipulag	Frágengin	Í notkun	Efnis-rannsóknir	Fjarlægð frá línu	Stærð
-	402640	495750	Klöpp	Nei	Já	Nei	Já	0,5 km	0,7 ha.

Ný náma sem var notuð í tengslum við vegagerð á Holtavörðuheidi um Heiðarsporð. Þetta er klapparhóll sem stendur hátt upp fyrir landslagið og er úr straumflögóttu basalti.

Magn: Búið er að vinna töluvert af efni úr klöpp en líklega er hægt að vinna allt að 15.000 m³ efnis úr klöppinni.

Efnisgerð og efnisgæði: Straumflögótt basaltklöpp.



MYND A.39 Horft til norðurs yfir klapparhólinn á Heiðarsporði. Búið er að ryðja lausu efni yfir klapparhólinn.

58 – Holtavörðuvatn

Náma nr.	Austur	Norður	Gerð efnis	Aðalskipulag	Frágengin	Í notkun	Efnis-rannsóknir	Fjarlægð frá línu	Stærð
-	401632	502124	Klöpp/jökulruðningur	Nei	Nei	Nei	Nei	0,2 km	3,0 ha.

Klapparás eða jökulruðningsrás norðan við Holtavörðuvatn, þar sem að gamla vegstæðið um heiðina liggur. Mikil þörf er á efni á þessum hluta línuleiðarinnar og lítið um gott efni á þessum slóðum. Mikilvægt er að gera ítarlegar rannsóknir á þessu efnistökusvæði.

Magn: Mjög mikil óvissa er um efnismagn, en ábyggilega er hægt að taka allt að 10-50.000 m³.

Efnisgerð og efnisgæði: Mikil óvissa með efnisgæði. Klöpp/jökulruðningur.



MYND A.40 Loftmynd sem sýnir staðsetningu efnistökusvæðisins norðan við Holtavörðuheidarvatn. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

59 – Miklagilskvísl A

Náma nr.	Austur	Norður	Gerð efnis	Aðalskipulag	Frágengin	Í notkun	Efnis-rannsóknir	Fjarlægð frá línu	Stærð
-	400904	508837	Set/klöpp	Nei	Nei	Nei	Nei	2,4 km	5 ha.

Setbunki austan við Þjóðveg 1 við þverun Miklagilskvíslar. Jökulruðningur á bakka ofan gilsins, neðar sést í klöpp. Tvær staðsetningar koma til greina, Miklagilskvísl A og B, aðeins er gert ráð fyrir því að efnistaka verði af öðru hvoru svæðinu. Þessi kostur er mun aðgengilegri og nær veginum.

Magn: Mjög mikil óvissa er með efnismagn á svæðinu, mögulega hægt að taka allt 5-10.000 m³ efnis.

Efnisgerð og efnisgæði: Jökulruðningur með ókunn efnisgæði.



MYND A.41 Til vinstri: Loftmynd sem sýnir staðsetningu efnistökusvæðisins við Miklagilskvísl A og stærð þess. Til hægri: Horft til suðvesturs yfir fyrirhugað efnistökusvæði. Miklagilskvísl er á hægri hönd og Þjóðvegur 1 í baksýn. *Loftmynd: Loftmyndir ehf.*


60 – Miklagilskvísl B

Náma nr.	Austur	Norður	Gerð efnis	Aðalskipulag	Frágengin	Í notkun	Efnis-rannsóknir	Fjarlægð frá línu	Stærð
-	401579	509817	Set/klöpp	Nei	Nei	Nei	Nei	3,4 km	10 ha.

Setbunki austan við Þjóðveg 1 við þverun Miklagilskvísar. Jökulruðningur á bakka ofan gilsins, neðar sést í klöpp. Tvær staðsetningar koma til greina, Miklagilskvísl A og B, aðeins er gert ráð fyrir því að efnistaka verði af öðru hvoru svæðinu. Þessi kostur er fjær veginum og upp við núverandi Hrutatungulínu 1, en líklega þykkari jarðmyndun og því meira efnis.

Magn: Mjög mikil óvissa er með efnismagn á svæðinu, mögulega hægt að taka allt 10-20.000 m³ efnis.

Efnisgerð og efnisgæði: Jökulruðningur með ókunn efnisgæði.



MYND A.42 Til vinstri: Loftmynd sem sýnir staðsetningu efnistökusvæðisins við Miklagilskvísl B og stærð þess. Til hægri: Horft til norðurs yfir fyrirhugað efnistökusvæði. Miklagilskvísl er á vinstri hönd. *Loftmynd: Loftmyndir ehf.*